

53. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 10. maí 2012, kl.16:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson oddviti, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson, Indriði Þóroddsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Steinunn Leósdóttir og Ævar Rafn Marinósson. Jafnframt sat fundinn Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir eftirfarandi breytingum á dagskrá fundarins:

- Að liður 4 verði Fundargerð fræðslunefndar, dags. 9. maí 2012, og að aðrir dagskrárliðir færist niður um einn lið.
Samþykkt samhljóða
- Að liður 16 í auglýstri dagskrá, Gunnólfsvík, verði tekinn á dagskrá þegar Kristinn Pétursson mætir á fundinn.
Samþykkt samhljóða
- Oddviti leggur til að fundinum ljúki eigi síðar en 17:45 og þeir liðir sem þá eftir verði á dagskrá færist á næsta reglulega sveitarstjórnarfund.
Samþykkt með 4 atkvæðum, 2 voru á móti, 1 sat hjá.

Dagskrá:

1. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 26.04.2012.**
Lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 02.05.2012.**
Lögð fram til kynningar.
3. **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 16.04.2012.**
Samþykkt samhljóða.
4. **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 09.05.2012.**
Mikil umræða um fræðslumál. SRK gerir athugasemdir við fundargerðina sem koma fram í 18. lið á útsendri dagskrá.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
5. **Gunnólfsvík**
Kristinn Pétursson kom inn á fundinn og kynnti hugmyndir sínar um framkvæmdir í Gunnólfsvík.
Kristinn Pétursson vék af fundinum.
Umræður um málið.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið.